

MENNINGARSJÓÐUR ÚTVARPSSTÖÐVA
Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík
Sími: 6636245
Netfang: menningarsjodur@internet.is

Menningarsjóður útvarpsstöðva auglýsir

Hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva er að veita styrki til eflingar innlendri dagskrárgerð fyrir hljóðvarp og sjónvarp, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu, sbr. reglugerð um Menningarsjóð útvarpsstöðva dags. 11. febrúar 1986 með síðari breytingum.

Stjórn sjóðsins auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Þetta er lokaúthlutun sjóðsins og verður hann lagður niður að henni lokinni.

Stjórn sjóðsins er skipuð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og annast úthlutun. Í henni sitja Laufey Guðjónsdóttir, formaður, Lovísa Óladóttir og Þorbjörn Broddason en starfsmaður er Reynir Berg Þorvaldsson. Stefnt er á að ákvarðanir um styrki liggi fyrir í lok febrúar 2011.

Í umsóknum skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Nafn umsækjanda, kennitala og heimilisfang, ásamt upplýsingum um aðstandendur verkefnis og samstarfsaðila og skriflegum staðfestingum allra aðila um þátttöku í verkefninu.
2. Handrit eða nákvæm lýsing verkefnis og greinargerð umsækjanda um verkefnið.
3. Fjárhæð styrks sem sótt er um.
4. Kostnaðar- og fjárstreymisáætlun.
5. Skriflegir samningar eða önnur staðfesting um fjármögnun eða fjármögnunaráætlun auk tæmandi upplýsinga um aðra styrki sem sótt hefur verið um og/eða verkefnið hefur fengið.
6. Nákvæm áætlun um framvindu verkefnis og greinargerð um það til hvaða verkþátta sótt er um styrk til.
7. Upplýsingar um alla gerða eða fyrirhugaða framleiðslusamninga og áætlun um tekjuskiptingu eftir því sem við á.
8. Markaðs- og kynningaráætlun.
9. Upplýsingar um framleiðslufyrirtæki.
10. Yfirlýsing sjónvarps- eða útvarpsstöðvar um að fyrirhugað sé að taka dagskrárefni, sem sótt er um styrk til, á dagskrá.

Upplýsingar um úthlutunarreglur, skilyrði og umsóknargögn má nálgast í gegnum netfangið menningarsjodur@internet.is eða í síma 6636245.

Umsóknum og öllum fylgigögnum ber að skila í **þríti** til Menningarsjóðs útvarpsstöðva, Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík, eigi síðar en 15. desember n.k. Með umsókn skal skila þar til gerðum eyðublöðum sem fást afhent á sama stað eða í gegnum netfangið menningarsjodur@internet.is